

Allsherjarnefnd alþingis
Frá Stígamótum

Reykjavík 5.12.2001

Umsögn um 22. mál; kynlífsþjónustu og klám

Stígamótakonum er sönn ánægja að veita frumvarpi þessu umsögn. Það hefur í meginatriðum verið flutt tvisvar áður og hefur batnað við hvern endurflutning.

Frumvarpið er í góðu samræmi við hugmyndafræði Stígamóta. Eins og systursamtök okkar á Norðurlöndunum og feminískir kynjafræðingar, skilgreinum við klám sem hugmyndafræði kynferðisofbeldis og vændi sem eina birtingarmynd þess. (Sjá meðfylgjandi bækling Stígamóta, Kvennaathvarfs og Kvennaráðgjafar með skilgreiningu á kynferðisofbeldi á bls. 1)

Sambandið á milli kynferðisofbeldis og vændis

Sambandið á milli kynferðisofbeldis og vændis liggur eflaust ekki í augum uppi og gerði það heldur ekki fyrir okkur Stígamótakonur til að byrja með. Það fólk sem til okkar hefur leitað í gegnum árin og sem stundað hefur vændi hefur hins vegar sannfært okkur um að klám og vændi eru birtingarmyndir kynferðisofbeldis gagnvart þeim sem verslað er með. Á Stígamótum hafa tugir fólks lýst vændi í gegnum árin. Fyrst og fremst konur, en líka karlar sem hafa selt sig öðrum körlum. Til að byrja með var alltaf um að ræða fólk sem orðið hefur fyrir kynferðisofbeldi og sem síðan leiddist út í neyslu vímuefna og fjármagnaði svo neysluna með vændi. Eftir að Stígamótakonur fóru að beita sér í umræðunni um klámiðnað og vændi á Íslandi hafa konur haft samband vegna vændis, án þess að það þurfi að tengjast öðru formi kynferðisofbeldis.

Þessar konur eiga það sameiginlegt að sjálfsmat þeirra er mjög lágt. Skömm þeirra er slík að þær treysta sér ekki til þess að mæta í viðtöl, heldur halda sambandi við okkur í gegnum síma. Allar lýsa þær vændinu sem nauðung sem þær vilja losna úr og jafnframt að af þeim sé krafist kynlífsathafna sem þeim misbýður. Líðan þeirra er fyllilega sambærileg við líðan þeirra sem orðið hafa fyrir annars konar kynferðisofbeldi. Þær eru allar í þeirri stöðu að þeim finnst þær ekki eiga val um að hætta og flestar lýsa þær sjálfsmorðshugsunum. Við þekkjum því miður líka dæmi um konur sem hafa svipt sig lífi vegna vanlíðunar í tengslum við vændi.

Um hollensku leiðina.

Oft heyrast þau rök að þær konur sem starfi í kynlífsiðnaði geri það af fúsum og frjálsum vilja og því beri að veita þeim góð starfsskilyrði og vernda rétt þeirra til þessarar iðju. Það eru rökin sem notuð eru í Hollandi.

Stígamót

Vera má að einhver dæmi megi finna um slíkt, en “viðskiptavinirnir” kaupa sér þá þjónustu sem þeim dettur í hug án þess að velta fyrir sér hvað hafi leitt konur úti vændi. Frelsi þeirra sem mögulega “sjálfviljugar” selja kynlífsþjónustu og þeirra sem kaupa, kemur þá illilega niður á þeim fjölmörgu sem dreymir um að losna úr vændinu. Slíkt frelsi hlýtur að víkja fyrir hagsmunum þjóðfélagsins af því að útrýma vændi.

Þjóðverjar fóru að dæmi Hollendinga fyrir skemmstu og lögleiddu vændi þannig að litið er á það sem hverja aðra atvinnugrein. Þó eru talið að aðeins um 60% þeirra vændiskvenna sem þar starfa muni geta nýtt hlunnindi sem fylgi starfsréttindum. Hin 40% eru ólöglegir innflytjendur sem verslað er með í skjóli þess að um löglegan iðnað er að ræða.

Stígamót taka þátt í starfi tveggja alþjólegra samtaka gegn verslun með fólk í kynlífsiðnaði. Það eru Coalition Against Trafficking in Women og International Abolitionist Federation. Bæði þessi samtök benda á að þar sem frjálslýndi gagnvart klámi og vændisiðnaðinum sé mikið, blómstri ólögleg verslun með fólk.

Viðhorf Íslendinga að snúast gegn klámiðnaði


Á Íslandi hefur á undanförunum misserum borið nokkuð á umburðarlyndi gagnvart klámiðnaðinum. Samstarfsnefnd þriggja ráðuneyta og borgarinnar leiddi til lagabreytinga sem ekki settu spurningamerki við þá starfsemi sem hér þrífst á svokölluðum nektarstöðum. Bæði var gert ráð fyrir atvinnuleyfi erlendra kvenna til starfa á þessum stöðum og skipulagsnefndum sveitarfélaga var gefið svigrúm til þess að hlutast til um staðsetningu þeirra. Þar að auki var gert ráð fyrir nafnbreytingu á stöðunum. Þeir skyldu hér eftir heita naturklúbbar en ekki nektarstaðir. Allar þessar breytingar voru til þess fallnar að réttlæta tilveru þeirra.

Á þessu ári hefur umræðan snúist mjög meðal annars vegna þeirra upplýsinga sem fram hafa komið um eðli starfsemi nektarstaða. Vændisskýrslan sem gefin var út af dómsmálaráðherra var mikilsvert innlegg í umræðuna. Ýmsir aðilar fóru að beita sér gegn klámiðnaðinum og má þar sérstaklega nefna jafnréttisnefndir sveitafélaga, kirkjuna og fleiri.

Bent skal á að dómsmálaráðherra hefur flutt frumvarp sem kveður á um að banna kaup á kynlífsþjónustu barna yngri en 18 ára. Því ber að fagna. Í frumvarpinu er sleginn sá sami tónn og í frumvarpi Kolbrúnar að þeir sem kaupi sér kynlífsþjónustu beri ábyrgð á vændinu. Að auki má nefna að stúlkur eru oft mjög ungar þegar þær hefja störf í kynlífsiðnaðinum og því er þegar búið að koma lögum yfir hluta iðnaðarins. Til þess að kveða niður þessa nýju iðngrein á Íslandi þarf að ganga lengra. Frumvarp það sem hér um ræðir gerir ráð fyrir að kaup á fólk á hvaða aldri sem er séu ólögleg.

Stígamót stóðu fyrir norrænni ráðstefnu kvennaathvarfa og ráðgjafarstöðva gegn kynferðisofbeldi í ágúst sl. Í ályktun ráðstefnunnar varð það megin þema að Norðurlöndin öll færu að dæmi Svía og bönnuðu alla verslun með fólk í kynlífsiðnaði. (Sjá fylgiskjal 2) Sjaldan hefur í þessum hópi náðst betri samstaða um pólitíska

afstöðu. Stígamótakonur líta svo á að frumvarpið um klám og kynlífsþjónustu sé sambærilegt við löggjöf Svía og mæla eindregið með samþykkt þess.

Virðingarfyllst
Fh Stígamóta'

Rúna Jónsdóttir

Fylgiskjöl:

1. bækl. Stígamóta, Kvennaathvarfs og Kvennaráðgjafar með skilgreiningu á orðinu kynferðisofbeldi - þar sem bæði klám og vændi fellur undir skilgreininguna.
2. Ályktun ráðstefnunnar “Ofbeldismenn” sem haldin var á Hótel Loftleiðum dagana 25-27. ág. sl. á vegum Stígamóta, fyrir samtökín Norrænar konur gegn ofbeldi.